



Starfskjarastefna

Aðalfundur 2012

Starfskjarastefna Landsbankans hf.

1. Markmið

Landsbankinn hf. leggur áherslu á að ráða til sín og hafa í sínum röðum framúrskarandi starfsfólk. Markmið starfskjarastefnunnar er að gera starf hjá Landsbankanum að eftirsóknarverðum kosti fyrir hæft starfsfólk og þar með tryggja samkeppnishæfni bankans, framþróun og viðunandi arðsemi. Starfskjarastefnan skal stuðla að heilbrigðum rekstri til lengri tíma litið og ekki hvetja til óeðlilegrar áhættusækni. Bankinn leggur áherslu á að starfskjör stjórnenda og annarra starfsmanna séu samkeppnishæf, en þó ekki leiðandi. Við ákvörðun um starfskjör skal horft til ábyrgðar og árangurs og gætt að viðurkenndum jafnréttissjónarmiðum.

Í samræmi við 79. gr. a. í lögum nr. 2/1995 um hlutafélög skal starfskjarastefna bankans lögð fram til samþykktar á aðalfundi.

2. Starfskjaranefnd

Starfskjaranefnd Landsbankans er skipuð þremur bankaráðsmönnum. Hlutverk starfskjaranefndar er að vera leiðbeinandi fyrir bankaráð og bankastjóra um starfskjör helstu stjórnenda bankans og ráðgefandi um starfskjarastefnu. Skal nefndin fylgjast með því að starfskjör helstu stjórnenda bankans séu innan ramma starfskjarastefnunnar og gefa bankaráði skýrslu þar um árlega í tengslum við aðalfund félagsins. Jafnframt skal nefndin fylgjast með þróun launasamninga, starfsmannafjölda og launaútgjalda. Bankaráð hefur ritað nefndinni erindisbréf þar sem nánar er kveðið á um hlutverk hennar.

3. Starfskjör bankaráðsmanna

Bankaráðsmönnum skal greidd föst mánaðarleg þóknun í samræmi við ákvörðun aðalfundar ár hvert, svo sem kveðið er á um í 79. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Við ákvörðun um fjárhæð þóknunar skal taka mið af þeim tíma sem bankaráðsmenn verja til starfans, þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir og afkomu félagsins. Starfskjaranefnd gerir rökstudda tillögu til bankaráðs um þóknun bankaráðsmanna fyrir komandi starfsár. Bankaráð tekur afstöðu til tillögu starfskjaranefndar og gerir endanlega tillögu um þóknunina sem lögð er fyrir aðalfund. Bankinn greiðir jafnframt ferðakostnað vegna starfa bankaráðsmanna sem hafa lögheimili utan höfuðborgarsvæðisins. Óheimilt er að gera starfslokasamninga við bankaráðsmenn.

4. Starfskjör bankastjóra og helstu stjórnenda

Bankaráð ræður bankastjóra. Starfskjör hans skulu vera samkeppnishæf við kjör stjórnenda í stærri fyrirtækjum og á fjármálamarkaði, en þó ekki leiðandi.

Bankastjóri ræður helstu stjórnendur félagsins og skulu laun þeirra vera samkeppnishæf, en þó ekki leiðandi.

5. Breytilegir kjarapættir

Í samningi fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins, Landsbankans hf. og Landsbanka Íslands hf. frá 15. desember 2009 er kveðið á um að Landsbankinn komi á árangurstengdu launakerfi fyrir starfsmenn (e. employee incentive scheme). Kerfið skal vera í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins um slík kerfi hjá fjármálafyrirtækjum. Tillögur að slíku kerfi og tilheyrandi breytingum á starfskjarastefnu skulu lagðar fyrir sérstakan hluthafafund. Fram að því er bankaráði ekki heimilt að samþykkja slíkt kerfi.

6. Upplýsingagjöf

Landsbankinn gerir grein fyrir kjörum bankaráðsmanna og helstu stjórnenda bankans í ársskýrslu sinni.

Starfskjarastefnu þessa skal birta á vefsíðu bankans.

7. Samþykkt starfskjarastefnu og fleira

Starfskjarastefna Landsbankans er samþykkt af bankaráði. Starfskjarastefnan skal jafnframt tekin til afgreiðslu á aðalfundi bankans og borin undir fundinn til samþykktar eða synjunar.

Heimilt er að endurskoða starfskjarastefnuna oft en árlega og skulu breytingar þá lagðar fyrir hluthafafund til samþykktar.

Starfskjarastefnan er leiðbeinandi fyrir bankann og bankaráð. Bankaráð skal færa til bókar í fundargerðarbók frávík frá starfskjarastefnunni og skulu þau frávík studd greinargóðum rökum. Gera skal grein fyrir frávikum á næsta aðalfundi félagsins.

Samþykkt á aðalfundi Landsbankans hf. 28. mars 2012